



Til: -sér sambanda ÍSí
-héraðssambanda ÍSí
-íþrótt- og ungmennafélaga og deilda þeirra

Reykjavík, 22. mars 2018

Efni: Starfsskýrslur ÍSí

Ágætu félagar!

Komið er að árlegum starfsskýrsluskilum en skv. lögum ÍSí eiga allar einingar innan vébanda ÍSí að skila starfsskýrslu í gegnum Felix, félagakerfi ÍSí og UMFÍ, **fyrir 15. apríl nk.** Nokkuð góð skil voru á síðasta ári miðað við að verið var að taka í gangi nýtt kerfi eða um 96% og fyrir það þökkum við, ykkur öllum sem að komuð.

Það tók lengri tíma en áætlað var að innleiða Felix 2.0 en nú er búið að bæta þá þætti sem í ólagi voru við síðustu starfsskýrsluskil. Það er von okkar að starfsskýrsluskil þessa árs gangi vel fyrir sig, í góðu samstarfi við ykkur.

Starfsskýrsla til ÍSí samanstendur af iðkenda- og félagatali, upplýsingum um núverandi aðalstjórn og stjórnir deilda og lykiltölum úr ársreikningi síðasta rekstrarárs. Einnig óskum við eftir því að allar einingar hlaði inn í starfsskýrsluhlutann lög viðkomandi einingar. Þetta er gert til þess að tryggja aðgengi að lögum allra og tryggja að auðvelt sé að rekja breytingar sem gerðar eru á lögum. Skýrslunni er í öllum tilfellum skilað rafrænt í gegnum Felix.

Ef ársreikningur liggur ekki fyrir þegar skilafrestur rennur út geta félögin sótt um aukinn skilafrest á ársreikningi til ÍSí, í samráði við viðkomandi héraðssamband/íþróttabandalag.

Hér meðfylgjandi eru nánari upplýsingar um Felix kerfið og starfsskýrsluskilin.

Við viljum benda félögum sem nota æfinga- og námskeiðshluta Felix eða Nóra við innheimtu æfingagjalda á að nú uppfærast iðkendamöppur sjálfvirk skv. skráningum í viðkomandi kerfi. Iðkendur sem hætt hafa á starfsskýrslutímabilinu **teljast með í starfsskýrslu** en sjást ekki lengur í iðkendamöppum. Félög sem nota ekkert innheimtukerfi þurfa að uppfæra sínar féлага- og iðkendamöppur handvirk.

Með því að vanda til verks og skila starfsskýrslu sem sýnir rétta skráningu miðað við starfsemi viðkomandi einingar, leggja sambandsaðilar ÍSí sitt af mörkum til hagsmunabaráttu ÍSí til handa allrar hreyfingarinnar. Skráning í Felix felur í sér bæði réttindi og skyldur og afar nauðsynlegt er að allar möppur séu uppfærðar reglulega í takt við féлага- og iðkendafjölda.


Yfirsýn yfir fjölda þátttakenda í hreyfingunni, fjárhagsstöðu, kynjaskiptingu, aldursdreifingu og skiptingu á milli íþróttagreina er okkur nauðsynleg til að geta rekið mál hreyfingarinnar gagnvart opinberum aðilum, svo sem ríki og sveitarfélögum. Þá er ekki síður mikilvægt að geta rýnt í þróunina í hreyfingunni undanfarna áratugi, til að sjá hvar að krepptir, hvert stefnir og hlúa að vaxtarsprotum.

Tengiliður vegna Felix og starfsskýrsluskila er Elías Atlason á skrifstofu ÍSí.

Sími á skrifstofu er 514 4000 en einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið elias@isi.is

Við hvetjum ykkur til að hafa samband við Elías ef þið hafið ábendingar eða athugasemdir varðandi Felix eða starfsskýrsluskilin svo að hægt sé að bregðast við með skjótum hætti.

**Með íþróttakveðju,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**


Líney Rut Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri

